



26. árg., 3. tbl.

Ábm. Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri

9. október 2009



Vetrarleyfi í skólanum

verður sem hér segir.

Föstudaginn 16. október og

Mánudaginn 19. október.

Starfsdagur er þriðjudaginn 20. október. Nemendur eiga frí þann dag.



MENNTUN-MANNRÆKT

Í þessu fréttabréfi



Vetrarleyfi	1
Frá skólastjóra	1
Bókasafnið	1
Nefndir við skólann	2
Nýr námsráðgjafi og skólahjúkrunarfr.	2
Mjólkurdagurinn	2
PBS	3
Fréttir úr skólalífi	3-4
Foreldradagur	4
Útivistartími barna	4

Frá skólastjóra

Nú eru liðnar sex vikur af þessu skólaári og öðru framkvæmdári PBS/ Stuðnings við jákvæða hegðun. Það er þekkt að slík verkefni fari vel af stað en síðan fari mikil orka í að viðhalda áhuga og eldmóði í verkefninu.

Það er því mikils virði fyrir okkur að foreldrar sýni verkefninu áhuga, ræði um það við börnin sín og taki þannig þátt í því með okkur. Ég vil hvetja foreldra til að tala við börnin sín um gildin sem við leggjum til grundvallar, td. með því að spyrja: Hvað er virðing? Hvernig sýnum við virðingu? Hvað er ábyrgð? Hvað er vinsemd?

Það væri líka gaman að fá ábendingar og heyrja reynslusögur af samræðum ykkar við börnin, hvaða augum líta þau þetta verkefni?

Ég vona svo að allir njóti vetrarleyfisins og þeirrar tilbreytni sem það getur boðið upp á.

Lára Guðmundsdóttir



Vefsíða skólans:

www.njardvikurskoli.is



Njarðvíkurskóli
V/Brekkustíg
260 Njarðvík
Lára Guðmundsdóttir
skólastjóri/ábyrgðarmaður

Breytingar á bókasafni

Í sumar var bókasafnið í Njarðvíkurskóla stækkað og því breytt. Aðstaða fyrir nemendur til að læra heimanámið sitt eða vera í tölvum hefur tekið stakkaskiptum og einnig hefur orðið breyting á opnunartíma safnsins. Núna er bókasafnið opið fyrir nemendur frá 8:15 til loka skóladags og það er opið bæði í frímínútum og matarhléi nemenda. Þá fengum við



áhorfendapall sem mun nýtast hópum sem eru í sögustund eða að horfa á fræðslumyndir. Nemendur hafa tekið vel í þessa nýbreytni og nýtt bókasafnið vel.

Foreldrafélag, skólaráð og nemendaráð

Foreldrafélag Njarðvíkurskóla

Markmið félagsins eru að vinna að velferð nemenda, efla hag skólans og koma á sem bestu sambandi milli skólans og heimila nemenda.

Í stjórn foreldrafélagsins eru:

Lilja Dögg Bjarnadóttir, formaður
Jónína M. Hermannsdóttir, gjaldk.
Linda Björk Halldórsdóttir, meðstj.
Guðbjörg Snorradóttir, meðstj.
auk bekkjarfulltrúa allra bekkja.

Skólaráð

Samkvæmt grunnskólalögum skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólalald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólastjóri boðar til funda í skólaráði.

Í skólaráði Njarðvíkurskóla eru:

Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri
Berglind Kristjánsdóttir, kennari
Ásta Sigurðardóttir, kennari
Laufey Einarsdóttir, starfsmaður skóla
Lilja Dögg Bjarnadóttir, fulltrúi foreldra
Ásta Einarsdóttir, fulltrúi foreldra.
Kristján Carlsson Granz, fulltrúi foreldra
Sigrún Björnsdóttir, fulltrúi nemenda
Baldvin Lárus Sigurbjartsson, fulltrúi nemenda



Nýr námsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur

Nemendaráð

Í nemendaráði Njarðvíkurskóla eru nemendur úr 8. 9. og 10. bekk og er þeim nemendum í 9. og 10. bekk sem eru í nemendaráði boðið upp á valgreininna Tómtunda- og félagsfærni.

Nemendurnir sjá um tómtunda- og íþróttaviðburði innan skólans auk annarra tilfallandi verkefna. Formaður nemendaráðs er Sigrún Björnsdóttir í 10.AH og varaformaður er Hjördís Hafsteinsdóttir 10.HK.

Í haust fengum við nýjan námsráðgjafa til starfa. Hún heitir Elva Björk Elvarsdóttir og starfar í 75 % stöðu sem námsráðgjafi. Nemendur og foreldrar geta leitað til Elvu Bjarkar með málefni tengd námi, skólavist, framhaldsnámi og starfsvali. Námsráðgjafi er talsmaður nemenda og er bundin þagnarskyldu. Viðtalstímar eru eftir samkomulagi.

Soffía Kristjánsdóttir er nýr skólahjúkrunarfræðingur skólans. Hún er með viðveru í skólanum alla daga frá kl. 9:00-13:00. Nemendur geta leitað til hennar með ýmis mál sem tengjast heilsu en einnig sér hún um heilsutengda fræðslu í bekkjum og reglubundnar mælingar og bólusetningar.



Mjólkurdagurinn

Miðvikudagurinn 30. september var alþjóðlegur mjólkurdagur og af því tilefni gaf Mjólkursamsalan öllum nemendum mjólk. Nemendur í nemendaráði Njarðvíkurskóla dreifðu mjólkinni og sögðu frá deginum. Nemendur voru mjög glaðir með kalda mjólk með nestinu.



VIRÐING-ÁBYRGÐ-VINSEMD

Njarðvíkurskóli er núna á sínu 2. framkvæmdarári í agastjórnunarkerfi PBS. Okkar tilfinning er sú að þetta kerfi er að virka mjög vel og því til stuðnings höfum við niðurstöður skráningar á agabrotum auk sýnilegs betri skólabrags.

Við kennum nemendum reglulega væntingar til hegðunar á hverju svæði skólans og erum dugleg að hrósa þeim þegar við grípum þau góð.

Nemendur eru einnig jákvæðir fyrir þessu og eru með einkunnarorð skólans á hreinu.

Á heimasíðu skólans má lesa meira um framkvæmd kerfisins auk þess sem við bendum á heimasíðu PBS sem er www.reykjavik.is/PBS.



Vettvangsferðir 1. bekkjar

Nemendur í 1. bekk hafa verið duglegir að fara í vettvangsferðir með kennurum sínum. Í september fóru þeir í Grænásbrekkuna og týndu ber en einnig hafa þau farið í gönguferðir til að fara yfir umferðarreglur og umferðarmerki og einnig til að skoða og týna haustlaufblöð.



Skólalífið

Nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda

Tveir nemendur Njarðvíkurskóla, þær Lovísa Rós og Þuríður Birna úr 6. RV komust báðar í úrslit í nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda sem fór fram nú í haust. Af því tilefni tóku þær þátt í undirbúningsvinnu við sitt verkefni fyrstu helgina í september. Óskum við þeim stóllum til hamingju með góðan árangur.



Forvarnardagurinn

Nemendur 9. bekkjar tóku þátt í árlegum forvarnardegi sem haldinn var 30. september sl.

Nemendur ræddu ýmis mál varðandi forvarnir, samveru og íþrótt- og tómstundarstarf. Einnig komu Einar Árni og Steindór fyrir hönd UMFN og ræddu við nemendur um forvarnargildi íþróttaiðkunar.

Reykir í Hrutafirði.

Eins og undanfarin ár fara nemendur 7. bekkja á Reyki. Þegar þangað er komið er skipt þeim upp í hópa, sem skiptast á að vinna á hinum ýmsu stöðvum sem eru t.d. náttúrufræðistöð, íþróttastöð, byggðarsafn og stöðvaleikur. Reynsla fyrri ára er að ferð sem þessi þjappar nemendum saman og eflir samkennd meðal þeirra. Í ár dvelja þau frá 2. til 6. nóvember og verða umsjónarkennarar með í för.



Myndir frá Reykjum 2008

ÚR SKÓLALÍFINU



Forvarnar- og heilsuvika Reykjanesbæjar

Víkuna 21.-25. september var forvarnar- og heilsuvika Reykjanesbæjar. Að því tilefni fengum við fræðslu fyrir nemendur í 1.-2. bekk frá Blátt áfram í boði Foreldrafélags Njarðvíkurskóla. Einnig fengu nemendur í 1.-6. bekk heimsókn frá Krissa lögggu sem fór yfir umferðarreglurnar, útivistartímann og fleira sem tengist umferðinni auk þess sem Kvennasveitin Dagbjörg kom í heimsókn og færði nemendum 1. bekkjar endurskinsmerki.

Allir nemendur hlupu svo norræna skólahlaupið á þriðjudeginum og fengu ávexti hjá skólastjórnendum þegar þeir komu í mark.



Fundur bæjarstjóra með grunnskólanemendum

Í lok september kom Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, í heimsókn til okkar og fundaði með nemendum skólans. Árni var með kynningu á starfi sínu auk þess að segja nemendum frá ýmsu varðandi öryggi og umgengni í bænum. Þá fór hann einnig yfir margar góðar hugmyndir sem nemendur höfðu unnið varðandi væntanleg verkefni í Reykjanesbæ. Í lokin fengu nemendur að spyrja og komu margar góðar spurningar og ábendingar til bæjarstjórans.

Foreldradagur

Næsti foreldraviðtalsdagur er fimmtudaginn **5. nóvember 2009**. Þá mæta nemendur með foreldrum sínum til umsjónarkennara og fara yfir náms- og félagslega stöðu.

Foreldrar eru einnig hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara.



Myndir úr fjölgreindavali



Útivistartíminn

Þann 1. september styttist útivistartími barna um 2 tíma til 1. maí. Hann er sem hér segir: Börn 12 ára og yngri mega ekki vera úti eftir 20:00, miðað er við aldursár og börn yngri en 16 ára eftir kl. 22:00. Það er mikilvægur þáttur í forvörnum að virða útivistartímann!



Virðing—Ábyrgð—Vinsemd

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.
This page will not be added after purchasing Win2PDF.